

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

Litla skapandi smiðjan

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Kennsluaðferðir/Markmið: Markmið litlu skapandi smiðjunnar eru eftirfarandi: Að skapa nemendum öruggt umhverfi þar sem þau geta unnið með áhugasvið sín, hæfileika og styrkleika á eigin forsendum (eins og 7.1 kafli aðalnámskrár grunnskóla gerir kröfu um). Að tengja viðeigandi hæfniviðmið við vilja og áhugahvöt nemenda á skapandi, einstaklingsmiðaðan og lýðræðislegan hátt. Að gera nemendum kleift að mynda jákvæð tengsl við kennara sinn og stuðla þannig að aukinni seiglu þeirra (sjá kafla Sigrúnar Aðalbjarnardóttur um seiglu í bókinni Ungt fólk: Tekist á við tilveruna). Kennsluaðferðir eru af ýmsu tagi, notast er við verklega kennslu, spurnaraðferðir, samræðuaðferðir, útlistunaraðferðir og skapandi tjáningaraðferðir, allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Í litlu skapandi smiðjunni er lögð sérstök áhersla á grunnþarfirnar fimm skv. Uppeldi til ábyrgðar, en þær eru að: tilheyra, hafa áhrif, finna fyrir öryggi og einnig gleði, síðast en ekki síst að upplifa frelsi. Þessir þættir eru skv. hugmyndafræðinni grunnur að uppbyggingu sjálfsaga.

Kennari: Ármann E. Jónsson, armannj@seltjarnarnes.is

Námsmat

Unnið verður í nokkrum lotum á skólaárinu, einni til tveimur lotum á önn. Í hverri lotu liggja til grundvallar námsmati afurðir nemenda sem og vinnubrögð þeirra. Samtöl um vinnubrögð og afurðir munu einnig verða notuð til námsmats og þar eru rík tækifæri fyrir sjálfsmat, endurmat og leiðsagnarmat. Hæfniviðmið sem verða metin hverju sinni má finna á mentor-síðu hvernar lotu fyrir sig.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess geta nemendur fengið lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Virðingarrík samskiptu skulu í hávegum höfð. Tölum fallega við hvort annað og reynum eftir bestu getu að koma vel fram og vera heiðarleg.	Viðbrögð við ritstuld	Hér er öruggt rými fyrir mistök af ýmsum toga. Verði nemandi uppvís að ritstuldi verður að eiga sér samtál um alvarleika ritstuldar á lagalegum grundvelli og viðbragða vegna ritstuldar sem vænta má á hærra stig menntunar, m.a. menntaskóla eða háskóla sem og í atvinnulífinu.
Mæting og virkni í tímum	Ávallt skal mæta á réttum tíma. Virkni í tímum er í formi vinnu í verkefnum smiðjunnar, samtölum og samvinnu nemenda og kennara.	Heimavinna og hjálpargögn	Nemendum er velkomið að halda áfram með verkefni sín heima. Nemendur mega og ættu að nýta sér sem flestar bjargir sem þau hafa aðgang að, þar á meðal hæfni og þekkingu foreldra/forráðamanna og annarra aðila í nærumhverfi sínu.
Hlutverk nemenda	Að beita sér í því að tengja viðfangsefni við það/þau svið sem kalla á áhuga þeirra og innri hvata. Sýna virðingu í samskiptum eftir bestu getu. Samviskusemi er mikill kostur þegar nemandi nýtur trausts kennara. Að leita aðstoðar sé þess þurfi.	Hlutverk kennara	Að styðja og leiðbeina nemendum við nám sitt. Að sýna virðingu og umhyggju í samskiptum við nemendur. Að hjálpa nemendum að finna sér viðfangsefni sem hæfa þeirra áhugasviði, innri hvata og getu. Að mæta nemendum þar sem þau eru stödd. Að sýna fagmennsku í starfi.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- sett sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök
- tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti
- metið nám sitt skipulega og sett sér markmið um viðfangsefni eða hæfni
- sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar
- nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt
- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum
- sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum
- lært af mistökum og séð möguleika til framfara

- leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
<p>Hauströtur – Kynnumst eða rifjum upp vinnulag skapandi smíðju. (Mismunandi viðfangsefni prófuð, kennari og nemendur kynna)</p> <p>/</p> <p>Vorlotur - Köfum dýpra og/eða förum um víðan völl til að athuga og kynna fleiri áhugaverðum viðfangsefnum. (Nemendur halda sig við fyrri viðfangsefni og/eða gera tilraunir á öðrum sviðum.)</p>	<p><i>Hæfniviðmið eru einstaklingsbundin eftir viðfangsefni nemanda hverju sinni.</i></p> <p><i>Dæmi um hæfniviðmið sem geta hentað áhugasviði og styrkleikum:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>Nemandi getur matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best (heimilisfræði).</i> - <i>Nemandi getu notað hljómahljóðfæri eða laglínuhljóðfæri á viðeigandi hátt í einföldu samspili eða hljómsveit (tónmennt).</i> - <i>Nemandi getur valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni (sjónlistir)</i> 	<p>Leiðsagnarmat, sjálfsmat, endurmat o.fl.</p> <p>Athuganir kennara, samtöl, skapandi afurðir og fleira. Allt verður metið eftir því hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverju sinni.</p> <p>Bókstafur (A, B, C+ og C ásamt ítarlegri umsögn (ef við á).</p> <p><i>“In the real world of learning, tests and reports and worksheets aren't the most meaningful way to understand a person's growth, they're just convenient ways in a system of schooling that's based on mass production....I assess my students by looking at their work, by talking with them, by making informal observations along the way. I don't need any means of appraisal outside of my own observations and the student's work, which is demonstration enough of their thinking, their growth, their knowledge, and their attitudes over time...”</i></p> <p>Steven Wolk í bókinni <i>A Democratic Classroom</i> (1998) bls. 111-112</p>	<p>Verklegar kennsluaðferðir, spurnaraðferðir, samræðuaðferðir og skapandi tjáningaraðferðir, allt eftir því hvað er best hverju sinni. Einnig vettvangsferðir, útinám og reynslunám. Listinn er ekki tæmandi.</p>	<p>Afar breytilegt eftir þörfum, styrkleikum og áhugasviði nemanda hverju sinni.</p>

